

í máli þessu, greiði 7.000 króna útvistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. febrúar 1980.

Nr. 212/1978. **Sigurður Hjálmarsson**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Baldvin Jónssyni og
Hagtryggingu h/f
(Hjörtur Torfason hrl.).

Bifreiðaárekstur. Umferðarlög. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 14. desember 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. nóvember s. á. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér skaðabætur að fjárhæð 357.265 krónur með 13% ársvöxtum frá 23. mars 1977 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í bréfi gatnamálastjórans í Reykjavík, sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, liggur gangstétt meðfram akbraut Langagerðis að sunnanverðu. Gangbrautin liggur þvert fyrir akbrautir botngatnanna, er liggja út frá aðalgötunni, en er dregin þar nokkuð niður. Öll er gangstéttin þó hærri en akbraut aðalgötunnar og órofin af botngötunum, svo sem gangstéttin horfir við vegfarendum, sem fara eftir aðalgötu Langagerðis. Hins vegar verður gangstéttin illa greind frá akbraut botngatnanna, þegar komið er út úr þeim,

þar sem akbrautir þeirra eru í sömu hæð og gangstéttin. Það er upplýst við málflytning fyrir Hæstarétti, að ökumaður bifreiðarinnar R 34369 var kunnugur staðháttum við Langagerði og hafði áður átt heima við þá götu. Gat honum ekki dulist, að hann ók yfir gangstétt, þegar hann ók út úr botngötunni. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Áfrýjandi, Sigurður Hjálmarsson, greiði stefndu, Baldvin Jónssyni og Hagtryggingu h/f, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Aðalregla íslenskrar umferðarlöggjafar um umferðarrétt ökutækja á vegamótum er í 1. málsgrein 48. gr. umferðarlaga nr. 50 23. apríl 1968. Sérreglur um umferðarrétt ökutækja á gatnamótum í kaupstað eða kaupþúni verða aðeins settar af viðkomandi lögreglustjóra að fengnum tillögum bæjar- eða sveitarstjórnar samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar 65. greinar umferðarlaga, sbr. 2.—4. mgr. 48. gr. sömu laga. Gatnagerðaryfirvöld Reykjavíkurborgar hafa afmarkað gangbrautir þvert yfir akbrautir 6 botngatna við Langagerði með því, að „gangstétt meðfram aðalgötunni var látin ganga gegnum akbrautir botngatnanna, þó þannig, að þær voru dregnar niður, lækkaðar, á þessum stöðum og mynda um 5 cm brún við akbraut aðalgötunnar, en eru í sömu hæð og akbrautir botngatnanna“, eins og segir í bréfi

gatnamálastjórans í Reykjavík 16. febrúar 1977. Þessi afmörkun verður ekki talin þess eðlis, að hún ein sér breyti umferðarreglum á gatnamótum þessum. Ökumaður, sem kemur úr botngötu í safngötuna Langagerði, getur ekki séð neina afmörkun gangbrautar og því síður gangstétt þvert yfir akbrautina. Ökumaður, sem ekur eftir Langagerði (safngötunni) getur við góðar aðstæður séð um 5 cm hækkun þvert yfir akbraut botngötunnar í framhaldi af gangstéttum meðfram akbraut safngötunnar. Framkvæmdir gatnagerðaryfirvalda án nokkurra merkinga þyrftu að vera miklum mun gleggri en hér eru, til þess að þær gætu komið í stað ákvarðana lögreglustjóra og viðeigandi merkinga í samræmi við ákvæði 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga, sbr. 2.—4. mgr. 48. gr. sömu laga, þannig að ákvæði 5. mgr. 48. gr. sömu laga um akstur yfir gangstéttir kæmi í stað hinnar almennu umferðarreglu. Samkvæmt því tel ég, að leggja beri alla sök á árekstri þeim, sem málið fjallar um, á ökumann bifreiðarinnar G 2124. Þar sem ekki er tölulegur ágreiningur um dómkröfur stefnanda fyrir Hæstarétti, tel ég, að dómsorð eigi að vera svohljóðandi:

Stefndu, Baldvin Jónsson og Hagtrygging h/f, greiði stefnanda, Sigurði Hjálmarssyni, óskipt kr. 357.265 með 13% ársvöxtum frá 23. mars 1977 til greiðsludags og samtals kr. 250.000 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. júlí 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 19. júní sl., hefur Sigurður Hjálmarsson, Langagerði 66, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu gegn Baldvin Jónssyni, Ásbúð 8, Garðabæ, og Hagtryggingu h/f, Reykjavík, með stefnu, birtri 28. apríl og 2. maí 1977, til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð kr. 379.015 með 13% ársvöxtum af kr. 129.631 frá 5. febrúar 1977 til 24. febrúar sl., af kr. 243.855 frá þeim degi til 21. mars s. á., en af kr. 379.015 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði með öllu sýknaðir af kröfum stefnanda og honum verði gert að

greiða þeim málskostnað að skaðlausu eða eftir mati dómsins.

Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar, en málskostnaður felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar í máli þessu án árangurs.

Lýsing málavaxta.

Málavextir eru þeir, að föstudaginn 21. janúar 1977 varð árekstur á milli bifreiðanna R 34369, sem er fólksbifreið af Sunbeam gerð, eign stefnanda, og G 2124, sem er Fiat fólksbifreið, eign stefnda Baldvins. Bifreið stefnda Baldvins var ábyrgðartryggð hjá stefnda Hagtryggingu h/f. Ökumaður bifreiðarinnar R 34369 í umrætt skipti var Hannes Sigurðsson, sonur stefnanda, en bifreiðarinnar G 2124 Margrét Björnsdóttir, Ásbúð 8 í Garðabæ.

Áreksturinn varð með þeim hætti, að bifreiðinni R 34369 var ekið norður eftir botngötu milli húsanna nr. 50—70 við Langagerði. Bifreiðinni G 2124 var ekið eftir Langagerði til austurs. Þar sem botngatan og Langagerði mætast, varð áreksturinn.

Ökumaður bifreiðarinnar R 34369 gaf skýrslu fyrir lögreglu sama dag og áreksturinn varð. Hann kvaðst hafa ætlað að beygja til vinstri við gatnamótin og stöðvað þar, litið til hægri eftir umferð og síðan ekið af stað og litið til vinstri, en verið kominn inn á gatnamótin, þegar hann hafi séð til ferða bifreiðarinnar G 2124. Þá hafi hann numið staðar og hafi bifreið sín verið kyrrstæð, þegar áreksturinn varð. Hann hafi talið, að við gatnamótin gildi hinn almenni umferðarréttur.

Ökumaður bifreiðarinnar G 2124 gaf skýrslu fyrir lögreglu og kvaðst hafa séð bifreiðina R 34369 á mjög lítilli ferð eða kyrrstæða við gatnamótin og álitid, að ökumaður hennar æki ekki inn á þau. Hann hefði hemlað, strax og hann hafi séð, að bifreiðin R 34369 var komin inn á gatnamótin, en ekki getað afstýrt árekstri. Hann hafi talið sig njóta aðalbrautarréttar.

Ökumaður bifreiðarinnar G 2124 kom fyrir réttinn, og var framburður hans samhljóða skýrslu hans fyrir lögreglu. Hann taldi þó, að ökumaður bifreiðar stefnanda, hefði ekki stöðvað bifreið sína alveg, heldur hægt mjög á sér. Hann kveðst hafa ekið á 25—30 km hraða, þegar áreksturinn varð.

Eigendur beggja bifreiðanna komu fyrir réttinn, en þeir voru eigi sjónarvottar að árekstrinum og gátu ekkert borið, sem máli skiptir.

Ökumaður bifreiðar stefnanda hefur flust af landinu og kom eigi fyrir réttinn.

Af hálfu stefnanda hefur verið lagt fram vottorð frá gatnamálastjóranum í Reykjavík, dags. 16. febr. 1977. Í því segir m. a.: „Að gefnu tilefni skal eftirfarandi upplýst:

Langagerði er safngata, sem liggur á milli Réttarholtsveggar og Tunguvegar. Út frá aðalgötunni liggja 6 botngötur, og eru hús við þær númeruð við Langagerði. Langagerði er ekki aðalbraut og hefur aldrei verið merkt sem slík. Aðalbrautir aðalgötunnar og botngatnanna voru malbikaðar á árinu 1969, en gangstéttir við botngötturnar og aðalgötuna að sunnanverðu voru steyptar á árinu 1972. Gangstétt meðfram aðalgötunni var látin ganga gegnum akbrautir botngatnanna, þó þannig, að þær voru dregnar niður, lækkaðar, á þessum stöðum og mynda um 5 cm brún við akbraut aðalgötunnar, en eru í sömu hæð og akbrautir botngatnanna. Þetta fyrirkomulag var tekið upp til þess að undirstríka, að botngötturnar eru minniháttar götur gagnvart aðalgötunni, draga úr ökuhraða við akstur inn og út úr botngötunni og til þess að gera gangandi vegfarendum auðveldara fyrir, einkum þeim, sem aka í hjólastólum eða með barnavagna.“

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

Viðgerðarkostnaður kr. 307.265

Dagpeningar í 41 dag — 71.750

Samtals kr. 379.015

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að líta verði á götuna Langagerði sem eina heild. Botngötturnar hafi aldrei verið merktar sem minni háttar götur og sé því umferð um þær ekki réttminni en umferð um aðra hluta götunnar. Þarna hafi engin umferðarmerki verið sett.

Varðandi gangstéttina, þar sem hún sé dregin niður við enda botngatnanna, þá verði sérstaklega að líta til þess, að engin brún sé á gangstéttinni botngötumegin og þegar lokið verði við að malbika þann hluta götunnar, sem liggja þvert á enda botngatnanna, verði þar heldur engin brún við gangstéttina. Hugsanlega megi líta á gangstéttina við enda botngatnanna sem gangbraut, en engan veginn gangstétt í eiginlegum skilningi. Því sé alrangt að beita megi 5. mgr. 48. gr. laga nr. 40/1968 um akstur út úr botngötunum, heldur verði að beita 1. mgr. sömu greinar þar um.

Ökumaður bifreiðar stefnanda hafi ekið með fyllstu gát, en

ökumaður bifreiðar stefnda Baldvins hafi ranglega talið, að hann væri á aðalbraut. Ljóst sé, að ökumaður bifreiðar stefnda Baldvins eigi alla sök á árekstrinum.

Krafan um greiðslu viðgerðarkostnaðar sé byggð á reikningum og bendi ekkert til þess, að viðgerðarskemmdir séu ekki afleiðing árekstrarins. Athugasemd stefndu um, að viðgerðarkostnaður sé of mikill, sé of seint fram komin.

Stefnandi hafi misst afnot bifreiðar sinnar í 41 dag og hafi þá orðið að útvega sér far úr og í vinnu tvisvar á dag með ýmsum hætti. Krafan vegna þessa tjóns sé byggð á þeirri gjaldskrá, sem bílaleigur noti, en daggjald fyrir Volkswagen bifreið hafi verið kr. 1.750 í febrúar 1976.

Af hálfu stefndu er á því byggt, að samfelldar steyptar gangstéttir liggja beggja vegna Langagerðis, en aðalgata og botngötur séu malbikaðar og því greinilega afmarkaðar. Þetta veki traust vegfarenda, sem um aðalgötuna fari, á því, að þeir eigi aðalbrautarrétt. Engu máli skipti, þótt enn hafi ekki verið lokið við malbikun Langagerðis, gangstéttin við enda botngatnanna myndi nú 5 cm brún við aðalgötuna og verði að taka tillit til þess, þegar aðstæður séu metnar. Verði að líta á botngöturnar sem hús-götur og sé því um að ræða akstursleið í skilningi 5. mgr. 48. gr. laga nr. 40/1968. Ökumaður bifreiðar stefnanda hafi því átt að víkja fyrir ökumanni bifreiðar stefnda Baldvins.

Þótt gagnstæður skilningur yrði lagður til grundvallar, ætti það ekki að breyta niðurstöðu, því að ökumaður bifreiðar stefnanda hafi stöðvað eða því sem næst stöðvað bifreið sína og þannig gefið ökumanni bifreiðar stefnda Baldvins, hlutlægt séð, til kynna, að hann ætlaði að víkja fyrir umferð frá vinstri.

Ökumaður bifreiðar stefnanda hafi ekki sýnt næga aðgæslu, en á honum hafi hvílt rík aðgæsluskylda miðað við aðstæður. Verði að hafa í huga 1. mgr. 49. gr. laga nr. 40/1968 í þessu sambandi. Öll sök, eða a. m. k. frumsök, hvíli á ökumanni bifreiðar stefnanda.

Kostnaði við viðgerð á bifreið stefnanda sé mótmælt sem of háum, einkum viðgerð á hægra frambretti og jafnvel dempara. Óeðlilega langan tíma hafi tekið að gera við bifreiðina.

Niðurstaða.

Í málavaxtalýsingu er greint, hvernig aðstæðum er háttað á árekstursstaðnum. Þar sem gangstétt aðskilur botngötur frá aðalgötu Langagerðis, verður að líta svo á, að um umferð frá botngötunum inn á aðalgötuna gildi 5. mgr. 48. gr. laga nr. 40/1968.

Þykir þá eigi skipta máli, þótt gangstéttin sé lægri fyrir enda botngatnanna en annars staðar.

Samkvæmt framangreindri málsgrein átti ökumaður bifreiðar stefnanda að víkja fyrir ökumanni bifreiðar stefnda Baldvins. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Friðgeir Björnsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndu, Baldvin Jónsson og Hagtrygging h/f, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Sigurðar Hjálmarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 5. febrúar 1980.

Nr. 155/1979. Eysteinn Georgsson

gegn

Margréti Völu Grétarsdóttur.

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 29. ágúst 1979.

Er mál þetta var tekið fyrir á dómþingi 1. febrúar 1980, var þess krafist af hálfu áfrýjanda, að málið yrði hafið. Stefndi samþykkti það og krafðist málskostnaðar.

Samkvæmt þessu ber að hefja mál þetta.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda 40.000 krónur í málskostnað.